



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Ráðherra gjörir kunnugt

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur mennta- og menningarmálaráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Víkurgarð, gamla kirkjugarðinn við Aðalstræti. Friðlýsingin tekur til leifa kirkju og kirkjugarðs og annarra fornminja innan lóðarmarka Víkurgarðs/gamla kirkjugarðsins við Aðalstræti eins og hann er skilgreindur á lóðauppdrætti 1.140.4 dags. 22.01.2018. Friðlýsingin nær einnig til staðarins sjálfs vegna gildis hans fyrir menningarsögu Íslands. Ekki er gert ráð fyrir 100 m friðhelgu svæði umhverfis garðinn sbr. 22. gr. minjalaga þar sem götur og aðliggjandi lóðir takmarka áhrifasvæði hans. Mörk lóðarinnar eru dregin um eftirtalda hnitapunkta á uppdrættinum og í Landupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar:

211: X 22756.2080 / Y 18158.4307 212: X 22716.8542 / Y 18144.2854
213: X 22720.6645 / Y 18136.0294 214: X 22726.8662 / Y 18118.0701
215: X 22764.6578 / Y 18131.1201 216: X 22765.5577 / Y 18133.0175

Reykjavík, 8. janúar 2019

Lilja D. Alfreðsdóttir